

Ed.

54. Nefndarálit

um frumvarp til laga um hagstofu Íslands.

Nefndin er stjórninni samdóma um nauðsyn þessa nýmælis. Það er auðsætt, að hagskýrslur landsins eru ein besta leiðsagan í allri framfaraviðleitni. En þær hafa ekki hingað til komið að fullum notum, ekki verið svo vandaðar sem vera skyldi og vera mætti, og þar að auki komið mjög dræmt, enda er óhugsandi að stjórnarráðið geti haft þessa miklu og vandasömu vinnu í hjáverkum.

Þess vegna er nefndin því eindregið meðmælt, að hagstofa sje sett á stofn á líkan hátt og frumv. fer fram á.

Það er álit okkar í nefndinni, að starfsvið hagstofunnar ætti að vera enn rýmra en frumv. tekur til; finst okkur, til dæmis, sjálfsagt að telja með hagskýrslum allar heilbrigðisskýrslur og skýrslur um allskonar tryggingarstarfsemi, líftrygging, heilsutrygging, eignatrygging.

Talnafræði (Statistik) er afarvandasöm visindagrein; er það því álit okkar, að þeir einir eigi að vera tækir til forstjórnar á hagstofunni, er lokið hafa háskólaprófi í þjóðhagsfræði og stjórnfræði (Staatswissenschaft - Political Economy). Hins vegar ætlum við að komast mætti af með einn embættismann, ef ætluð eru rifleg skrifaralaun handa föstum aðstoðarmanni, á borð við þau árslaun, sem goldin eru aðstoðarmönnum í skrifstofum stjórnarráðsins.

Enn fremur teljum við hugsanlegt, að koma mætti hagstofunni fyrir í einhverju af þeim húsum, sem eru þjóðareign. Í stjórnarráðshúsinu eru svo mikil þrengsli, að þar getur hún ekki verið. En við höfum litið á efstu bygð alþingishússins; þar er nú bókasafn Alþingis, alt í óreiðu og umgengnin herfileg; teljum við ráðlegast að flytja þær bækur flestar — sem aldrei eru notaðar — upp í Landsbókasafn, en setja upp vandaða lokaða skápa í skrifstofn og lesstofu þingsins, og geyma í þeim þær bækur, sem þingmenn þurfa á að halda. Þá mætti vel koma hagstofunni fyrir í austurenda efstu bygðar alþingishússins og þyrfti litlu til að kosta. Í öðru lagi gæti komið til mála að nota í svipinn gamla prestaskólahúsið. En það getur ekki dulist, að margskonar óþægindi og kostnaðarauki er því samfara að hafa stjórnarskrifstofunnar hingað og þangað og margar í leiguhúsum. Það mundi verða til mikilla þæginda fyrir almenning og mikils sparnaðar fyrir landssjóð, ef stjórnarráðshúsið væri stækkað, svo að hægt væri að hafa þar flestar þjóðmálaskrifstofur; þar ætti þá hagstofan að vera; þar ættu að vera

skrifstofur landsfjehirðis, biskups, landlæknis, vegagerðarstjóra, vitamálastjóra, fræðslumálastjóra, Búnaðarfelags landsins, Fiskifjelags landsins o. fl.

Það er vitaskuld að hagstofan hefir talsverðan aukakostnað í för með sjer fyrir landssjóð. Í ástæðum stjórnarinnar, sem frumv. fylgja, er ekki gerð ljós grein fyrir þessum kostnaðarauka. Þess vegna hefir nefndin beðið stjórnarráðið um sundurliðað yfirlit yfir allan kostnað, sem hlotist hefir af landshagsskýrslunum undanfarin ár; látum við fylgja svar stjórnarráðsins dags. 7. þ. m. Þar má sjá, að árið 1912 hefir allur kostnaður við landshagsskýrslurnar orðið 7390 kr. 32 aur., og er þess getið, að starfsmenn stjórnarráðsins hafi ekki unnið neitt að landshagsskýrslunum sem skylduvinnu án sjerstaks endurgjalds, heldur hafi þeir starfað að skýrslunum í fristundum sínum, og fengið ritlaun fyrir, venjulega 40 kr. fyrir hverja ör, stundum þó meira, alt upp í 75 kr. Það hefir skrifstofustjóri Indriði Einarsson tjáð oss.

Ef frumvarpið verður samþykkt með þeim breytingum, sem nefndin hefir í hyggju og hjer fara á eftir, þá mundi árs-kostnaðurinn verða í byrjun á þessa leið :

Hagstofustjóri	3000 kr.
Aðstoðarmaður 1 eða 2	2000 —
Aukavinna og skrifstofukostnaður	2000 —
Pappír, prentun og útsending	4500 —

Samtals 11500 kr.

Kostnaðaraukinn er þá um 4000 kr., og verður fráleitt meiri en því nemi, vegna þess, að kostnaðurinn hlýti líka að aukast, þó að frumv. væri felt og stjórnarráðið látið annast landshagsskýrslurnar eins og áður.

Það er nú álit nefndarinnar, að hjer sje um svo nytsama nýjung að ræða, að ekki megi horfa í þennan kostnaðarauka.

Fyrir því leggjum vjer til, að frumv. verði samþykkt með þeim breytingum, er nú skal greina :

BREYTINGAR :

1. Við 1. gr. orðið »helstu« á undan »landshagi« falli burtu.
2. Við 1. gr. fyrir »beint« komi: beinlinis.
3. Við 2. gr. 1. málsgrein orðist þannig:

Þessi eru meginatriði landshagsins, sem hagstofunni ber einkanlega að rannsaka :

1. Fólksmagn: a, manntöl; b, fæðingar; c, hjónabönd; d, heilsufar; e, manndauði; f, fólksflutningar.
2. Dómsmál, þar með talin einkamál, sáttanefndamál, sakamál og lögreglumál.
3. Atvinnuvegir: a, landbúnaður; b, iðnaður; c, fiskiveiðar; d, siglingar og verslun; e, bankar, sparisjóðir og aðrar allsherjar lánsstofnanir.
4. Efnahagur landsmanna: a, tekjur af eign og atvinnu; b, virðingarverð jarðeigna og þinglesnar veðskuldir á þeim; c, virðingarverð húseigna með lóðum og veðskuldir á þeim eignum; d, verðmæti skipa og báta og veðskuldir, er á hvíla.
5. Stjórnsmál: a, notkun kosningarrjettar; b, starfsmenn þjóðfjelagsins.
6. Fjárhagur landsins, sýslufjelaga og sveitafjelaga.

7. Þjóðareignir til almenningsnytja: a, vegir og brýr; b, ritsímar og talsímar; c, póstflutningar.
8. Fræðslumál: a, barnafræðsla; b, unglingskólar og aðrir alþýðuskólar.
9. Tryggingarstarfsemi: a, líftrygging; b, heilsutrygging; c, eignatrygging.
4. Við 5. gr.: 1. málsgrein orðist þannig:
Hagstofunni stýrir embættismaður, skipaður af konungi, og nefnist hagstofustjóri; hafa þeir einir rjett til þess embættis, er lokið hafa háskólaprófi í stjórnfræði.
5. Við 5. gr., aðra málsgrein: Í stað »Forstjóri hagstofunnar« komi: Hagstofustjóri.
6. Við 5. gr., 3. málsgrein: Málsgreinin orðist þannig:
Til aðstoðarmanna, eins eða fleiri, má verja allt að 2000 kr.

Efri deild Alþingis, 11. júlí 1913.

Sigurður Stefánsson,
(form.)

G. Björnsson,
(skrifari og framsögum).

Steingrímur Jónsson.

STJÓRNARRÁÐ ÍSLANDS.

Reykjavík 7. júlí 1913.

Hin háttvirta nefnd, sem efri deild kaus til að ihuga frumvarp stjórnarinnar um hagstofu Íslands, hefur með brjefi 5. júlí óskað að fá vel sundurliðað yfirlit yfir allan kostnað við samningu og útgáfu Landshagsskýrslna árið 1911 og 1912; þess vegna hefur verið dregið út úr hinum sjerstöku reikningum eftirfylgjandi yfirlit:

Útgjöldin sundurliðast þannig:

	1911	1912
1. Prentun og pappír	1857,70	3500,69
2. Ritlaun fyrir verslunarskýrslurnar	800,00	800,00
3. Önnur ritlaun fyrir allar hinar skýrslurnar	1325,00	2287,25
4. Prófkalestur á verslunarskýrslunum	94,50	117,00
5. Hefting á Landshagsskýrslum	311,41	282,28
	4388,61	6987,22

1911 eru enn fremur tilfærðar kr. 1574,28, þ. e. aðalupphæðin þar er kr. 5942,89, en þó svo stæði sem þetta hefði verið greitt upp í prentun á Landshagsskýrslum, þá var það greitt fyrir prentun á lagafrumvörpum.

Fyrir utan hinn áður tilgreinda kostnað hefur verið greitt fyrir útsendingu á stjórnartíðindum og Landshagsskýrslum 1911 kr. 849,40, og fellur helmingurinn af því á Landshagsskýrslur, eftir því sem konsúll Kristján Þorgrímsson segir, en 1912 hafa verið greiddar kr. 1215,32, og fellur $\frac{1}{3}$ af því á Landshagsskýrslur eftir sömu heimild.

Fastir starfsmenn í stjórnarráðinu vinna ekkert að Landshagsskýrslunum á skrifstofutímanum, og þess vegna ekkert án endurgjalds, enda hafa þeir nægilegum önnum að sinna. Það var aðeins 2–3 fyrstu árin, eftir að stjórnarráðið var sett á fót, sem unt var að láta föstu starfsmennina vinna að þessum skýrslum á skrifstofutíma, en úr því uxu störfin svo mikið, að til þessa voru engin tiltök.

F. h. r.

Kl. Jónsson.

Indr. Einarsson

Til nefndarinnar í frv. til laga um hagstofu Íslands.